

Nd.

593. Breytingartillögur

[151. mál]

við frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Garðahreppi landspildur úr Garðatorfunni fornu.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 1. gr.
 - a. Upphaf greinarinnar orðist svo:

Ríkisstjórninni er heimilt að selja eftirtaldar landspildur og jarðir:

 - I. Garðahreppi þessar landspildur úr Garðatorfunni:
 - b. Aftan við gr. bætist tveir liðir, svo hljóðandi:
 - II. Bæjarsjóði Neskaupstaðar jörðina Vindheima í Neskaupstað.
 - III. Hermann Guðmundssyni bónda á Eyjólsstöðum í Beruneshreppi og Gunnari Guðmundssyni bónda, Lindarbrekku, sama hreppi, eyði-jörðina Eiríksstaði í Fossárdal.
2. Við 2. gr. Á eftir orðunum „söluverð landsins“ í 1. mgr. komi: samkv. I. tölul. 1. gr.
3. Fyrirsögnin orðist svo:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landspildur úr Garðatorfunni fornu og tvær jarðir.